

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

131. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara var haldinn mánudaginn 27. maí 2024. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 16:00.

Á fundinum voru f.h. FL, Haraldur F. Gíslason og f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Haukur Þór Haraldsson og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Framlenging á greiðslum vegna launamunar milli félagsmanna FL og starfsfólks sveitarfélaga sem fær viðbótarlaun á sérstök starfsheiti og á aðild að stéttarfélögum innan ASÍ og BSRB.

Aðilar eru sammála um að þeir félagsmenn í Félagi leikskólakennara sem fá greiðslur í samræmi við ákvörðun samstarfsnefndar FL og SNS á 128. fundi, dags. 29. september 2023, haldi þeim greiðslum óbeyttum, miðað við marslaun 2023, til og með 30 júní 2024. Greiðslurnar falla niður án frekari fyrirvara frá og með 1. júlí 2024 nema um annað verði samið.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 16:15